

Viðmið og vinnureglur fyrir nemendur og kennara í tengslum við verkefnaskil, próf og notkun gervigreindar.

Snælandsskóli setur reglur í tengslum við verkefnaskil og próftöku og gilda reglurnar fyrir alla nemendur skólans miðað við aldur og þroska. Stífari kröfur eru gerðar til nemenda þegar þeir hefja nám í unglingadeild þar sem m.a. er verið að undirbúa þá fyrir frekara nám að loknum grunnskóla. Reglur þessar taka mið af sambærilegum reglum sem framhaldsskólar hafa sett sér t.d. Flensborgarskóli og MH, en einnig er horft til [upplýsingasíðu HÍ um gervigreind](#) og [stefnu Kópavogs um gervigreind](#).

Skil verkefna

Nemandi skal skila eigin efni, bæði í einstaklings- og hópvinnu. Í hópvinnu bera nemendur sameiginlega ábyrgð á að unnið sé samkvæmt reglum og taka sameiginlega ábyrgð ef reglur eru brotnar.

Ritstuldur er óheimill en ritstuldur felur í sér að nemandi notfærir sér í verkefnum sínum verk annarra án þess að geta heimilda og vísa til þeirra eftir þeim reglum sem skóli eða kennari leggur til.

Dæmi um ritstuld eða misferli

- Ritstuldur: Að nemandi skili viljandi eða óviljandi verkefni frá öðrum sem sínu án þess að geta heimilda. Þetta á einnig við um verkefni unnin af gervigreind.
- Samsekt: Að nemandi leyfi öðrum nemanda að afrita sitt verkefni og skila sem sínu.

Próf

Snælandsskóli vill hafa leiðsagnarnám að leiðarljósi, en auk þess leggjum við áherslu á að nemendur séu metnir jafnt og þétt yfir veturinn og þeim og foreldrum birtar niðurstöður í gegnum námsumsjónarkerfi reglulega. Námsmat getur farið fram með ólíkum hætti en ein leiðin er að leggja próf fyrir nemendur þar sem þeir þurfa að sýna fram á ákveðna kunnáttu og hæfni. Þar sem niðurstöður prófa eiga að sýna stöðu nemenda út frá því sem verið er að meta, þá verður hvers konar svindl við próftöku ekki liðið. Með svindli er átt við:

- Að nemandi fari ekki eftir reglum í prófi.
- Notkun á verkefnum eða vinnu annarra, þ.m.t. gervigreinar.
- Taki með sér óheimil gögn í próf, valdi truflun eða eigi í óeðlilegum samskiptum við annan próftaka.

Gervigreind

Gervigreind getur verið áhrifaríkt tæki til að einfalda og flýta fyrir vinnu og aðstoða við nám ef rétt er með hana farið. Snælandsskóli telur mikilvægt að nemendur hafi í huga eftirfarandi meginreglur:

- Nemendur mega eingöngu nota gervigreind í Snælandsskóla í samráði við kennara.
- Nemendum ber að fylgja fyrirmælum kennara um notkun gervigreindar við lausn verkefna í hvívetna. Leiki vafi á því hvort og hvernig heimilt sé að nota gervigreind við lausn tiltekins verkefnis ber nemendum að ráðfæra sig við kennara.
- Nemendur mega ekki setja inn persónuupplýsingar (sínar eða annarra) í gervigreindarforrit.

- Ef nemendur nota gervigreind í samráði við kennara við úrlausn verkefna ber þeim að gera grein fyrir því hvernig það var gert og hvernig gengið var úr skugga um áreiðanleika gagnanna. Ávallt skal fylgja viðurkenndum aðferðum um frágang heimilda.
- Notkun gervigreindar skal uppfylla öll siðferðileg viðmið um notkun á hugverkum annarra.
- Um misnotkun gervigreindar í skólastarfi gilda sömu reglur og um annað misferli eins og ritstuld eða svindl.
- Kennarar hafa rétt til að meta hvort um sé að ræða vinnu eða verkefni frá gervigreind eða ekki. Ef kennari grunar nemanda um að hafa nýtt gervigreind án þess að það hafi verið leyfilegt við lausn verkefnisins, eða ef nemandi er grunaður um að skila verkefni sem er unnið að mestu eða öllu leyti af gervigreind þá getur kennari farið fram á að nemandi sýni hæfni sína með öðrum hætti t.d. með tímaverkefni eða munnlegri frásögn.

Á vefsíðu HÍ er m.a. að finna gátlista og upplýsingar sem gott er fyrir nemendur að hafa í huga ef þeir fá að nota gervigreind við verkefnavinnu <https://gervigreind.hi.is/>.

Nemendur þurfa m.a. að huga að því að:

- leggja sig fram um að ljúka verkefnum á eigin spýtur.
- afhenda ekki öðrum nemanda verkefni sín.
- afrita ekki verkefni frá öðrum nemanda.
- forðast að fá of mikla hjálp við verkefnaskil eða yfirlestur, svo sem frá vinum, ættingjum, samnemendum, í einkatímum, frá ritgerðabönkum eða aðilum sem bjóða prófarkalestur, eða nýta gögn af deilisiðum á netinu.
- nýta netið og samfélagsmiðla á ábyrgan hátt.
- varast að nota gervigreind í verkefnavinnu nema að farið sé sérstaklega fram á það í verkefnalýsingu og nota hana þá skv. fyrirmælum.
- aldrei skila inn ritgerð eða verkefni sem gervigreindin hefur gert, það er einfaldlega svindl enda textinn ekki nemandans.

Kennarar þurfa m.a. að huga að því að:

- leiðbeina nemendum um ábyrga notkun.
- taka fram hvort notkun gervigreindar sé heimil eða ekki við lausn verkefna og/eða prófa.
- fylgjast með þróun gervigreindar og miðla reglulega fræðslu til nemenda

Viðbrögð við misferli

Verði nemandi uppvís að ritstuldi/svindli á kennari að gera nemanda grein fyrir alvarleika málsins og upplýsa foreldra/forráðamenn.

Kennari **getur** gefið nemanda færi á að vinna verkefni aftur, en það er ekki sjálfgefið að nemandi fái annað tækifæri til þess. Ef nemandi fær ekki að vinna verkefni aftur fær viðkomandi D fyrir verkefnið/prófið. Ef hann fær annað tækifæri þá verður hæsta mögulega einkunn B, enda hefur nemandi ekki sýnt fram á framúrskarandi hæfni sjálfur með því að verða uppvís að misferli. Nemandi sem telst samábyrgur t.d. með því láta öðrum í té lausnir við verkefnum, getur átt það á hættu að fá einnig D fyrir sitt verkefni.